

# Orkupakkar og áhrif á Íslenskan orkumarkað

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar  
Fundur Félags atvinnurekenda og Íslensk-eyrópska viðskiptaráðsins  
Húsi verslunarinnar, 16. janúar 2019

# Forsagan - orkumál hjá Evrópusambandinu

- Þörf fyrir orkustefnu og orkuöryggi í kjölfar fyrstu olíukreppunnar 1973/74.
- Ekki mikil löggjöf á sviði rafmagns þegar samið var um EES.
  - Tilskipun um gegnumflutning á rafmagni
  - Aukið gagnsæi verðlagningar á rafmagni til notenda en það var mikið í pípunum:
- ESB samþykkir fyrsta orkupakkann árið 1996.
  - Innri orkumarkaður settur á fót. Orka er vara og lýtur því, sem aðrar vörur, lögmálum innri markaðar Evrópusambandsins.
  - Tilgangurinn var m.a. að auka skilvirkni, nýta innviði betur, bæta orkuöryggi, styrkja samkeppnishæfni, vernda neytendur og vernda umhverfi.
  - Samþykkt að fella undir EES samninginn árið 2000.
  - Fyrsti orkupakkinn innleiddur í íslenskan rétt með raforkulögum árið 2003.






# Raforkulögin - STÓRA BREYTINGIN

- Raforkulög – byggðu á tillögum orkunefndar frá 1996 og tillögum nefndar um framtíðarskipan raforkuflutnings frá 2000.
  - Alþingi samþykkti raforkulög 2003.
  - Með lögunum voru ákvæði fyrsta orkupakkans innleidd.
  - Lögunum hefur verið breytt nokkrum sinnum m.a. til að innleiða EES-gerðir.
- Raforkulögin höfðu í för með sér gríðarlegar breytingar á starfsumhverfi orkufyrirtækja.
  - Skilið var á milli sérleyfisstarfsemi (flutningur og dreifing) og samkeppnistarfsemi (vinnsla og sala).
  - Landsnet var stofnað.
  - Raforkuvinnsla var gefin frjáls, áður þurfti samþykkt Alþingis fyrir virkjanir yfir 2 MW og samþykki ráðherra fyrir minni virkjunum.
  - Notendur geta samið beint um orkukaup við vinnslufyrirtæki eða sölufyrirtæki.
  - Skyldur Landsvirkjunar um raforkuöryggi afnumdar.



# Íslensk orkufyrirtæki starfa þannig, eins og önnur fyrirtæki sem selja vörur, á innri markaði EES



Ísland hluti af EES



Markaðsvæðing raforkukerfisins



Samkeppni á viðskiptalegum forsendum



Eftirlit með því að reglum EES sé fylgt



# Annar orkupakkinn

- Annar orkupakkinn - opnaður árið 2003.
  - Opnun markaða og frekari aðskilnaður einokunar – og samkeppnisþátta.
  - Reglugerð um aðgang að flutningsneti vegna viðskipta milli landa.
  - Breyttar reglur um innri markað fyrir rafmagn.
  - Samþykkt að fella pakkann undir EES-samninginn árið 2005.
- Ekki var þörf á miklum lagabreytingum hér á landi.



# Íslenska raforkukerfið fyrir setningu raforkulaga




Vinnsla

Samrekstrar-  
samningar



og fleiri




Flutningur

Samtengd  
flutningskerfi



Hluti af kerfi þessara  
fyrirtækja varð hluti  
af flutningskerfi



Heildsala

Skylda Landsvirkjunar  
að tryggja afl og orku




Stórnotendur

Alþjóðleg samkeppni  
Markaðsskrifstofa iðnaðar-  
ráðuneytis og Landsvirkjunar



EDNADAR- OG  
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI



Dreifing/smásala


Svæðisbundinn  
einkaréttur –  
ekkert val neytenda



Nokkur smærri félög  
í eigu sveitarfélaga  
þar var RARIK  
milliliður

# Íslenska raforkukerfið eftir setningu raforkulaga

Aðskilnaður sérleyfis og samkeppnisstarfsemi





# Innri orkumarkaðurinn – hagsmunir Íslands

- Hefur skapað skilyrði og aukið samkeppni í orkuvinnslu og orkusölu, sem aftur stuðlar að hagkvæmari rekstri, og aukið gegnsæi og neytendavernd.
- Hefur skýrt kostnaðarskiptingu milli vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu.
- Styrkir stöðu endurnýjanlegra orkugjafa.
- Hefur skapað ný viðskiptatækifæri.
- Hefur styrkt samningsstöðu Íslands gagnvart alþjóðlegum stórfyrirtækjum.
- Ísland er ekki tengt raforkukerfi Evrópu og því þarf að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi í afhendingu raforku.





# Priðji orkupakkinn

- Var samþykktur í ESB árið 2009. Markmiðið er að tryggja Evrópubúum sjálfbæra, örugga og samkeppnishæfa orku. Helstu atriði:
  1. Frekari aðgreining á raforkuvinnslu og –flutningi.
  2. Aukið gagnsæi á orkumörkuðum.
  3. Aukið sjálfstæði eftirlitsaðila innan ríkjanna (sjálfstætt raforkueftirlit Orkustofnunar).
  4. Samvinna eftirlitsaðila yfir landamæri og samræming.
  5. Komið er á fót samstarfsstofnun eftirlitsaðila (ACER).
- Sameiginlega EES nefndin ákvað að fella pakkann inn í EES samninginn vorið 2017.

- Hvað áhrif hefði pakkinn fyrir orkumarkað:
  - Sjálfstæði Orkustofnunar aukið – breyta þyrfti lögum vegna þess.
  - Eftirlitsstofnunun EFTA hefði bindandi ákvörðunarvald í afmörkuðum málum tengdum sæstrengjum. Það hefur engin áhrif á íslenskan orkumarkað þar sem hann er ekki tengdur öðrum með sæstreng.
  - Aukin vernd raforkukaupenda (neytendavernd), aukin upplýsingagjöf, m.a. um rafmagnsverð.
- Það sem breytist ekki:
  - Eignarréttur á orkulindum og forræði breytist ekki.
  - Engar skyldur varðandi lagningu sæstrengs.
  - Ekki krafa um breytingu á starfsemi Landsvirkjunar eða einkavæðingu fyrirtækisins.
  - Ekki krafa um að koma á fót orkukauphöll.

## Er eitthvað nýtt varðandi sæstreng í 3. orkupakkanum?

- Eftir sem áður felur þriðji orkupakkinn – eða hinir tveir á undan – í sér engar skyldur til að leggja sæstreng. Ákvörðun um slíkt er í höndum Íslendinga.
- Ákvörðunarvald ACER lýtur að tilvikum er varðar ágreining eftirlitsaðila um skilmála og skilyrði fyrir aðgangi að og rekstraröryggi sæstrengs eða flutningslínu yfir landamæri. Ákvarðanir beinast að eftirlitsyfirvöldum en ekki einkaaðilum. Í tilviki EFTA-ríkjanna er þetta ákvörðunarvald falið Eftirlitsstofun EFTA (ESA).
- Valdheimildir ACER - ESA í okkar tilviki - lúta á engan hátt að þeirri ákvörðun hvort leggja eigi sæstreng að ekki.
- Ef íslensk stjórnvöld ákveða að heimila lagningu sæstrengs þarf að setja um það lagaramma (leyfisveitingarferlið o.fl.)

# Samantekt

- Stóra breytingin var með raforkulögunum 2003 – við innleiðingu 1. orkupakkans, sem hafði umtalsverð áhrif á skipan orkumarkaðar.
- Styrkti stöðu neytenda og raforkukaupenda og skapaði grundvöll fyrir samkeppni.
- Orkustefna ESB hefur styrkt markaðsstöðu endurnýjanlegrar orku, stuðlað að orkusparnaði og minni losun gróðurhúsalofttegunda.
- Þriðji orkupakkinn felur ekki í sér skyldur um að leggja sæstreng.
- Eignarréttur á orkulindum og forræði breytist ekki.
- Þriðji orkupakkinn kallar ekki á breytingar á starfsemi eða eignarhaldi Landsvirkjunar.





